

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140100252/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi alifuglabús í landi Rauðalækjar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi spildu í landi Rauðalækjar í Ölfusi.

Deiliskipulagssvæði

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er 9,7 ha spilda í landi Rauðalækjar. Áætlað er að byggja og reka alifuglahús á lóðinni. Áætlað er að heildarmagn bygginga verði allt að 3000 fermetra og verði í 4 - 5 húsum. Einnig er áætlað að byggja haugþró til geymslu fuglaskíts.


Landnotkun og aðstæður


Spildan sem um ræðir er í dag framræst mýri og er skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Fram kemur í lýsingu að undanþága hefur fengist fyrir því að fjarlægð frá alifuglabúi að íbúðarhúsi í Álfsnesi er um 160 m og fjarlægð frá alifuglabúi að íbúðarhúsi á Rauðalæk er 120 m. Skv. reglugerð ætti fjarlægð alifuglahúss að íbúðarhúsum að vera 500 m.

Umhverfisáhrif

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í deiliskipulagi hvernig komið verði í veg fyrir að lyktarmengun berist í ofangreind íbúðarhús frá starfsemi og á hvern hátt úrgangi frá búinu verði fargað. Einnig er mikilvægt að form og litaval bygginga verði ákveðið í deiliskipulagi og verði með þeim hætti að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun